

## Stofnanapáttur kjarasamnings SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu og Vegagerðarinnar.

SFR - stéttarfélag í almannaðjónustu annars vegar og Vegagerðin hins vegar gera með sér svofelldan stofnanaáamning um forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum kjarasamnings SFR - stéttarfélags í almannaðjónustu og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í SFR - stéttarfélagi í almannaðjónustu og sem starfa hjá Vegagerðinni.

### 2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis
- b. að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar
- c. að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið um að fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun
- d. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Vegagerðarinnar.

### 3. Starfsflokkar (hópar)

Starfsflokkar (hópar) byggja m.a. á skipuriti Vegagerðarinnar. Starfsreynsla mælist frá því að viðkomandi hóf störf hjá Vegagerðinni í sambærilegu starfi. Tekið er tillit til starfsreynslu frá öðrum en Vegagerðinni úr sambærilegum störfum.

Hópur	Gr. fl.	Skýringar
1.	40	Forsjóðumaður deildar.
2.	30	Aðalbókari.

Í hópi 1 og 2 er ekki greitt sérstaklega fyrir menntun

Hópur	Gr. fl.	Skýringar
3.	28	Aðalféhirðir, Yfirmenn þjónustudæva og deildarstjórar umferðarefirlits. Starfsmenn úr hópi 4 með sambærileg umsvif og ábyrgð og starfsmenn í þessum hópi.
4.	27	Deildarstjóri leyfisveitinga. Skrifstofustjórar svæða. Yfirverkefnastjóri hjá upplýsingatæknideild og verkefnastjórar hjá rekstrardeild (umsjón fasteigna, innkaup og birgðir, vélar og verkstæði). Verkefnastjóri hjá viðhaldi og þjónustu Norðvestursvæðis. Starfsmenn úr hópi 5 með sambærileg umsvif og ábyrgð og starfsmenn í þessum hópi.
5.	25	Tölvutæknir, og verkefnastjóri hjá upplýsingatæknideild. Starfsmenn úr hópi 6 með sambærileg umsvif og ábyrgð og starfsmenn í þessum hópi.
6.	24	Launafulltrúi hjá starfsmannadeild, ritari vegamálastjóra, skrifstofustjórar, yfirmenn eininga hjá veghönnunardeild (kortagrunnar, mælingar). Starfsmenn úr hópi 7 með sambærileg umsvif og ábyrgð og starfsmenn í þessum hópi. Háskólanemi við störf í námsgreininni að loknu 3ja vetra háskólanámi.
7.	21	Efirlitsmenn. Mælingamenn, verkefnastjóri hjá umferðadeild, rannsóknarmaður hjá veghönnunardeild, jarðtekni (sem eru nokkurs konar flokkstjórar). Starfsmenn úr hópi 8 með sambærileg umsvif og ábyrgð og starfsmenn í þessum hópi. Háskólanemi við störf í námsgreininni að loknu 2ja vetra háskólanámi.
8.	18	Afgreiðslumenn, fulltrúar, mælingamenn, skrifstofumenn, rannsóknarmenn, tækniteiknarar og þjónustufulltrúar. Starfsmenn úr hópi 9 með sambærileg umsvif og ábyrgð og starfsmenn í þessum hópi. Háskólanemi við störf í námsgreininni að loknu eins vetra háskólanámi.
9.	16	Afgreiðslumenn (móttaka og sendiferðir), Fyrirlíðar mælingamanna í samárvinnu.
10.	08	Aðstoðarmaður 19 ára og eldri á tæknideildum og við skrifstofustörf.
11.	06	Aðstoðarmaður 18 ára á tæknideildum og við skrifstofustörf.
12.	01	17 ára ungmenni 85 % af 01, 1. þrepi og 16 ára ungmenni 80 % af 01, 1. þrepi

Röðun starfa innan starfsflokks (hóps) er lágmarksöðun. Starf (eða starfsmaður) getur svo ráðast hærra með hlidsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4.1 til 4.2. Í sérstökum tilfellum þegar starf fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt að ráða því starfi með öðum hætti.

Starfsreynsla hjá Vegagerðinni skal metin þannig:

Einn launaflokkur eftir 6 mánuði hjá Vg. í viðkomandi starfi eða starfsmaður með 2ja ára starfsreynslu í sambærilegu starfi.

Annar launaflokkur eftir 4 ára starfsreynslu í sambærilegu starfi eða 2ja ára starfsreynsla og þar af 6 mánuði hjá Vegagerðinni í viðkomandi starfi.

Þriðji launaflokkurinn eftir 6 ára starfsreynslu í sambærilegu starfi og þar af 9 mánuði hjá Vegagerðinni í viðkomandi starfi.

**4. Mat á einstökum þáttum**

**4.1 Menntun**

Við grunnröðun þeirra starfa sem krafist er formlegs framhaldsnáms svo sem stúdentsprófs eða annars sambærilegs náms skal taka tillit til þeirra kröfu við grunnröðun starfsins. Hafi starfsmaður framhaldsmenntun sem lauk með prófi og nýttist í því starfi sem hann sinnir, en þess er ekki krafist á grundvelli grunnröðunar starfsins, skal meta það sérstaklega til launahækkunar á sama hátt og starfsmenntun/námskeið.

**4.2 Starfsnám/simenntun**

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun/námskeiði sem viðurkennt er af samningsaðilum og nýttist í starfi skal fá það metið til flokka hækkana þegar timalengd er náð. Starfsmaður í hópi 3 til 6 sem lokið hefur diplóma námi frá háskóla með 15 einingum eða meira skal fá 1 launaflokk og annan eftir að hafa lokið 45 eininga námi. Starfsmaður í hópi 7 til 9 fær 1 launaflokk eftir 60 kennslustundir og 1 launaflokk eftir 80 kennslustundir til viðbótar, þ. e. 2 launaflokka eftir alls 140 kennslustundir. Heimilt er að leggja saman starfsmenntun/námskeið, en þó er ekki tekin til greina starfsmenntun/námsskeið sem er eldri en 5 ára.

**5. Jafnræðisregla**

Mat á því hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi visireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.



**6. Gildistími**




Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2007

Reykjavík 17. apríl 2007

F.h. SFR-stéttarfélags í almannajónustu

F.h. Vegagerðarinnar

  
Leonard Þorgísson  
  
Gunnar Gestam

  
Gunnar Gunnarsson  
  
Kristinn H. Sig.  
  
Hög. Kristinn

Fylgiskjal 1  
með stofnanasamningi  
SFR-stéttarfélags í almannajónustu  
og  
Vegagerðarinnar  
undirrituðum 28.03.06

Ákvæði til bráðabirgða

Þeir starfsmenn sem voru með 30 yfirvinnutíma í fastlaunasamningi fá nú 35 tíma og þar með eru allir með sama tímafjölda í fastlaunasamningi.

F.h. SFR-stéttarfélags í almannajónustu

*E. F. Svoboda*  
*Leonard Birgisson*  
*Sumar Jónsson*

F.h. Vegagerðarinnar

*Munarbhumannar*  
*Kristinn H. Sig.*  
*Þy. Kristján*

**Fylgiskjal 1**  
**með stofnanasamningi**  
**SFR-stéttarfélags í almannaþjónustu**  
**og**  
**Vegagerðarinnar**  
**undirrituðum xx.xx.07**

**Reglur Vegagerðarinnar um sérstaka umbun vegna tímabundins álags/verkefna**

Hemilt er að greiða starfsmanni viðbótarlaun á grundvelli reglna sem fjármálaráðuneytið sentí 7. mars 2007. Það er vegamálastjóri sem ákveður í hvaða tilfellum þessi heimild er notuð. Yfirmenn sviða og svæða koma með ábendingar um greiðslu viðbótarlauna þegar þeir telja tilefni vera til þess.

Að afgreiðslu viðbótarlauna skulu koma vegamálastjóri og fulltrúar hans í samstarfsnefnd um stofnanasamninga svo og viðkomandi yfirmaður sviðs eða svæðis eftir því hvar starfsmaður er staðsettur sem á að fá viðbótarlaun.

Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Við undirbúning ákvörðunar skal líta til umfangs þeirra þátta sem gefa tilefni til greiðslu viðbótarlauna og hvernig einstakir starfsmenn hafa komið að úrlausn þeirra.

Almennt skal við mat á því hvort greiða skuli viðbótarlaun vegna sérstaks álags mæla við það, hvort um óvenjulegar eða sérstakar aðstæður sé að ræða og ekki geta talist fyrirsjáanlegar í venjubundinni starfsemi stofnunar.

Geta skal þess að starfsmönnum sé ekki mismunað og að komur jafnr sem karlar cigi jafna möguleika á greiðslu viðbótarlauna.

**Heimild til greiðslu viðbótarlauna er bundin við eftirfarandi þætti:**

1. Vegna sérstaks álags í rekstri eða starfsemi stofnunar, t.d. vegna breytinga á starfsmannahaldi, skipulagsbreytinga eða vegna óvæntra og ófyrirséðra ytri atvika og rúmast almennt ekki innan venjubundinnar starfsemi stofnunar.
2. Vegna sérstaks árangurs í starfi og varda t.d. sérstök markmið eða áherslur sem náð hefur verið, samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, sem á sér stöð í starfsáætlun stofnunar eða í sérstöku samtali starfsmanns og vegamálastjóra. Hér undir geta einnig fallið atriði eins og frumkvæði starfsmanna við úrlausn verkefna og ástundun.
3. Vegna sérstakrar hæfni starfsmanna er nýttist í starfi. Við mat á sérstakri hæfni skal m.a. líta til þess, hvort tímabundnar aðstæður í starfsumhverfi stofnunar leiði til þess að gera verður auknar kröfur til getu eða kunnáttu starfsmanna.

Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal tilkynna starfsmanni skriflega og koma skal fram í tilkynningu á hvaða forsendum viðbótarlaun eru ákveðin, fjárhæð og tímalengd greiðslu.

Viðbótarlaun eru greidd mánaðarlega. Fjárhæð þeirra skal reikna í sérstakri launategund og haldið aðgreindri frá öðrum greiðslum í launabókheldi stofnunar. Fjárhæð viðbótarlauna skal rúmast innan fjárheimilda stofnunar og má aldrei nema hærrí fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði.

Reykjavík mars 2007  
Vegamálastjóri